



Reykjavíkurborg  
Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2019

**Efni:** Golfklúbbur Brautarholts (GBR) óskar eftir styrk frá Reykjavíkurborg vegna kaupa á sláttu-robotum fyrir golfvöllinn í Brautarholti. Jafnframt ítrekum við fyrri styrkbeiðni vegna golfvallarinns í Brautarholti.

Ný og umhverfisvæn tækni er að ryðja sér rúms varðandi slátt á golfvöllum. Við þurfum um 20 litla rafmagns sláttu-robota til að slá brautir og karga, sem leysa þá af hólmi þrjár ásetu-sláttuvélar. Hver roboti er gefin upp fyrir að sinna 5000 fm. Við vorum með 2 slíka sláttu-robota í sumar og gáfust þeir vel. Við stefnum á að kaupa 18 til viðbótar og taka í notkun næsta sumar.

Kaupverð 18 róbota er 10.275.360 samkvæmt tilboði frá MHG verslun, sjá meðfylgjandi. Við erum að láta meta kostnað við að leggja rafmagn út á golfvöllinn eða setja upp sólarorku-hleðslustöðvar en niðurstaða er ekki komin. Við höfum fengið óformlegt kostnaðarmat á sólarorku-hleðslustöðvar upp á kr 4,5-5 milljónir, heildar kostnaður yrði því um kr. 15 milljónir, fyrir utan að setja upp búnað/koma fyrir sem við teljum að gæti svarað til 2-3ja mánaða vinnu hjá starfsmönnum. Til samanburðar er kostnaður við að kaupa 3 nýjar ásetuvélar er um kr. 28 milljónir. Rekstrarkostnaður róbota og viðhald er lítið, við vonumst til að getað fækkað sumarstarfsmönnum um two, nefna má t.d. að slátturhnífar í 20 róbota kosta um 80.000 árlega, reynsla erlendis er að það sé líttill annar viðhaldskostnaður og gera má ráð fyrir að robotarnir endist í a.m.k. 10 ár. Viðhaldskostnaður á ásetuvélum er mikill, t.d. er kostnaður við árlega skerpingu hnífasetta á ásetuvélum um 250.000 per vél, þessar 3 vélar brenna olíu fyrir um kr. 500 þúsund árlega og viðhaldskostnaður (smurolíð, glussi, síur, legur, bilanir) hleypur á nokkrum milljónum á ári.

GBR ítrekar enn fremur fyrri ósk um stuðningi Reykjavíkurborgar, bæði vallaþryrk og leigustyrk að andvirði kr. 25 milljónir, en Reykjavíkurborg hefur veitt Golfklúbbi Reykjavíkur (GR) sambærilega styrki. Við vorum í viðræðum við Ómar fyrri part árs, áformáð var að við fengjum fund með fulltrúum úr ráðinu eftir verslunarmannahelgi en af því hefur ekki orðið þrátt fyrir ítrekaða beiðni okkar.

F.h. Golfklúbbs Brautarholts,

Gunnar Pálsson

Sala - Tilboð  
Bls. 1

GOLFKLÚBBUR BRAUTARHOLTS  
BRAUTARHOLT 1  
116 Kjalarnes

MHG Verslun ehf.  
Víkurhvarf 8  
201 Kópavogur

Sími	544-4656
Faxnúmer	544-4657
VSK dagb. nr.	69962
Gírónr.	4811002830
Banki	Landsbankinn
Reikningur nr.	0101-26-004100

Reikn.færist á viðskm.

4604111060

Sörlumaður

Hilmar Stefánsson

19. nóvember 2019

Afh.dags	19.11.19
Tilboðsnr.	ST19-0550
Verð með VSK	Nei

Nr.	Lýsing	Magn Mælieining	Ein.verð	Afsl. %	reikningsafsl. VSK	Reikna	Kennimerki	Upphæð
H9676502-21	AM550 Robotic Mower 5000m <sup>2</sup>	18 Stykki	674.398,00	32	Já	24		8.254.631,52
H5806620-04	Wire 800m	1 Stykki	46.984,00	32	Já	24		31.949,12
	Aurasléttun	1	0,01		Nei			0,01
<b>Heildar ISK án VSK</b>								
<b>8.286.580,65</b>								
<b>VSK-upphæð</b>								
<b>1.988.779,35</b>								
<b>Samtals ISK með VSK</b>								
<b>10.275.360,00</b>								

Greiðslusklilmálar  
Afhendingarmáti


Liðandi mánuður + 20 dagar

## Fylgiskjal með styrkumsókn Golfklúbbs Brautarholts

Nóvember 2019

Mynfir af tækjum. Annarsvegar af rogot sem við vorum með á Brautarholtsvelli í sumar og hinsvegar af ásetu-sláttuvélum sem við vonumst til að geta hætt að nota.

Sláttu-robot



Ásetu-sláttuvélar, sambærilegar vélar og við erum með nú í að slá brautir, semi-röff og röff.

